

4. Vörn gegn brunahættu.

4.1 Heitavatnsgeymar skulu vera í öruggri fjarlægð frá brennanlegum byggingarhlutum.

Fjarlægð þessi skal a. m. k. vera:

4 cm við geyma allt að 100 l að rúmtaki, 8 cm við geyma yfir 100 l að rúmtaki (sjá Sk 278—3).

4.2 Sé ekki hægt að ná ofangreindum fjarlægðum, skulu hinir brennanlegu byggingarhlutar eða aðrir hlutar klæddir óbrennanlegu hitaeinangrandi efni.

Fjarlægðin milli geymis og þeirrar klæðningar verður að vera a. m. k. 1 cm.

4.3 Sé heitavatnsgeymir umlukinn brennanlegum byggingarhlutum á allar hliðar skal séð fyrir fullnægjandi loftrás gegnum þar til æfluð loftræsiop.

5. Rafmagnsvatnshitunartæki, rafbúnaður þeirra og innbvrðis lagnir skulu að öðru leyti fullnægja gildandi ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. Sé vatnshitunarkerfi viðurkenningarskytt af Öryggiseftirliti ríkisins, er óheimilt að taka í notkun nýtt kerfi, nema fyrir liggji notkunarleyfi þess.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1978.

Gunnar Thoroddsen.

Gisli Einarsson.

27. apríl 1978.

Nr. 179.

AUGLÝSING

um skipulag í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964. ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Nauteyrarhrepss í Norður-Ísafjarðarsýslu að undanskýldum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

9. maí 1978.

Nr. 180.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 250.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 500.00 fyrir hverja vitjun lækni til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. maí 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á skreið fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á skreið fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1978:

Porskur:	pr. kg. fob.
Saga IG	kr. 1 160
Saga IM	— 1 115
Edda og Lúna 50/60	— 1 026
Edda og Lúna 60/70	— 1 048
Edda og Lúna 70/up	— 1 048
Astra	— 1 040
Polar	— 1 040
Ufsi:	
Astra	kr. 730
Polar	— 730
Keila:	
Astra	kr. 1 040
Polar	— 1 040
Ýsa:	
Astra	kr. 730
Polar	— 730
Langa:	
Astra	kr. 1 040
Polar	— 1 040

Verðbil verður 5%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. maí 1978.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.